

# Vefaraættin - Niðjasamtök

6. júní 2007

*Kæri Vefari!*

Afkomendur Jóns vefara Þorsteinssonar og Þóreyjar Jónsdóttur brugðust vel við þeirri beiðni að styrkja viðgerð á minningartöflu þeirra hjóna. Nú er því verki lokið og bíður taflan þess að verða afhent Minjasafni Austurlands á Egilsstöðum til varðveislu. Sú athöfn fer fram 30. júní næstkomandi. Við viljum þakka þér fyrir stuðning þinn og sendum með þessu bréfi mynd af töflunni uppgerðri.

Vefaraættin - niðjasamtök (kt. 691206-0410) voru formlega stofnuð á fundi í Hagskóla 14. maí 2007. Á fundinum vorum við undirrituð kosin í stjórn og varastjórn. 355 manns lögðu fram fé til söfnunarinnar og teljast þeir nú félagar í niðjasamtökunum. Í þeim geta verið allir þeir af Vefaraætt sem greiða þeim árgjald, en á aðalfundinum var það ákveðið 1000 kr, og verður það innheimt í fyrsta sinn á næsta ári.

Samtökin halda heimasíðuna: <http://vefari.bloggar.is> og er þar að finna ýmsan fróðleik og fréttir frá starfi samtakanna.

Samtökin hafa netfangið [vefarar@gmail.com](mailto:vefarar@gmail.com) og viljum við biðja þig að senda tölvupóstfang þitt þangað, notir þú slík samskipti, því það auðveldar okkur að halda sambandi við þig og senda þér upplýsingar.

Eins og fyrr segir verður Minningartaflan afhent **laugardaginn 30. júní** næstkomandi. Þann dag verður haldin Vefarahátíð austur á Héraði sem við hvetjum þig (og maka) til að taka þátt í og láta aðra Vefara vita um. Dagskráin verður í helstu dráttum þessi:

Hátíðin hefst um morguninn með ferð um Vefaraslóðir (sjá kort á bakhlið). Leiðsögumenn verða fjölfróðir og staðkunnugir Vefarar. Rúturnar leggja af stað frá Söluskálanum á Egilsstöðum klukkan 9:40.

Ekið verður inn Velli og upp í Fljótsdal og sögð skil á sögustöðum með aðaláherslu á vegferð Vefara fyrr og síðar. Að verður á Valþjófsstað. Gengið til kirkju og kirkjugarðs (legstaður Þóreyjar). Þaðan haldið í Skriðuklaustur og skoðaður fornleifauppgröftur klaustursrústanna undir leiðsögn fornleifafræðinga. Á Skriðuklaustri geta menn snætt nesti sem þeir tækju með sér eða keypt sér veitingar.

Ekið út Fell og Hróarstungu og yfir brú hjá Lagarfossi í Hjaltastað (legstaður Jóns vefara). Síðan er horft heim undir Kóreksstaði þar sem Vefarahjónin bjuggu lengst af. Að því búnu verður ekið inn í Egilsstaði.

Klukkan þrjú síðdegis hefst afhendingarathöfnin í Valaskjálfi. Flutt verða ávörp og sögubrot, en síðan verður gengið út í Minjasafnið (næsta hús).

Klukkan sex hefst grillveisla og gleðskapur með varðeldi í Stóra-Sandfelli í mynni Skriðdals. Þar er gott tjaldsvæði sem Vefarar hafa tekið á leigu sem aðalsamastað og til eigin afnota að þessu tilefni. Þar geta allir dvalið sem kjósa að gista í tjöldum (600 kr fyrir nótt á mann eldri en 16 ára).

Öllum kostnaði við rútuferð og grillveislu verður stillt í hóf. Til að auðvelda okkur skipulagninguna biðjum við þig að láta okkur vita **fyrir 17. júní** hvort þú hyggir á þátttöku með því að senda okkur tölvupóst á netfangið [vefarar@gmail.com](mailto:vefarar@gmail.com) eða hringja í Þorvarð Örnólfsson, síma 587 1633 eða farsíma 897 1632. Þegar nær dregur verða nánari upplýsingar um hátíðina birtar á heimasíðu samtakanna.

*Með Vefarakveðju!*

*Jón Hálfðanarson, Sigprúður Zophoníasdóttir, Kristjón Kolbeins, Guðbjörg Þorvarðardóttir, Guttormur P. Einarsson, Bergljót Haraldsdóttir, Júlíus Sæberg Ólafsson*